

## REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2003 um bráðabirgðaráðstafanir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar vinnslu- og húsdýraáburð sem er notaður í myltingarstöðvar, auk áorðinna breytinga.**

### 1. gr.

#### *Innleiðing.*

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2007, frá 27. október 2007, öðlast eftirfarandi EB-gerðir gildi hér á landi:

- a) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2003 um bráðabirgðaráðstafanir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar vinnslu- og húsdýraáburð sem er notaður í myltingarstöðvar.
- b) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 209/2006 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 809/2003 og (EB) nr. 810/2003 að því er varðar framlengingu gildistíma bráðabirgðaráðstafana varðandi myltingar- og lífgasstöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002.

### 2. gr.

#### *Fylgiskjöl.*

Reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. eru birtar sem fylgiskjöl I og II við reglugerð þessa.

### 3. gr.

#### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur ekki til aukaafurða dýra er teljast til úrgangs enda gilda þá lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerð þessi tekur ekki til sjávarspendýra.

### 4. gr.

#### *Samþykki opinbers eftirlitsaðila.*

Þegar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. kveða á um tiltekið „samþykki“ opinbers eftirlitsaðila fullnægja slíkir aðilar lagaskyldu sinni með útgáfu starfsleyfis skv. 13. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

### 5. gr.

#### *Eftirlit.*

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum reglugerða skv. 1. gr. vegna aukaafurða úr dýrum sé framfylgt í samræmi við lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lög nr. 22/1994 um eftirlit með fœðri, áburði og sáðvöru og lög nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir.

### 6. gr.

#### *Fiskimjöl og lýsi.*

Verksmiðju, vinnslusvæði, búnað og áhöld sem notuð eru til framleiðslu fiskimjöls og lýsis, má ekki nota til framleiðslu úr öðru hráefni en sjávarafurðum.

7. gr.

*Þvingunarræði og viðurlög.*

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, lögum nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir eða lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

8. gr.

*Lagastoð.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. og 29. gr. a laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og 17. gr. a laga nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir.

9. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerðin öðlast gildi 1. mars 2010. Þó taka efnisákvæði reglugerða framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. er varða aukaafurðir úr landdýrum ekki gildi fyrr en 1. nóvember 2011.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. febrúar 2010.*

**Jón Bjarnason.**

---

*Baldur P. Erlingsson.*

**Fylgiskjal I.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 809/2003**

frá 12. maí 2003

**um bráðabirgðaráðstafanir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar vinnslukröfur fyrir efni í 3. flokki og húsdýraáburð sem er notaður í myltingarstöðvar**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis<sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 808/2003<sup>(2)</sup>, einkum 1. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 er kveðið á um grundvallarendurskoðun á reglum Bandalagsins um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis og nokkrum ströngum kröfum bætt við. Að auki kveður hún á um að heimilt sé að samþykkja viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir.
- 2) Með tilliti til þess hversu strangar þessar kröfur eru í eðli sínu er nauðsynlegt að kveða á um bráðabirgðaráðstafanir fyrir aðildarríkin til að atvinnulífið fái nægan tíma til aðlögunar. Að auki verður að þróa frekar söfnun, flutning, geymslu, meðhöndlun, vinnslu og notkun aukaafurða úr dýrum, svo og förgunaraðferðir fyrir þessar aukaafurðir.
- 3) Í samræmi við það ætti að veita aðildarríkjunum undanþágu, sem tímabundna ráðstöfun, til að gera rekstraraðilum kleift að halda áfram að fara að landsreglum er varða vinnslukröfur fyrir efni í 3. flokki og húsdýraáburð sem notaður er í myltingarstöðvum.
- 4) Til að koma í veg fyrir að heilbrigði dýra og lýðheilsu sé stofnað í hættu skal viðhalda viðeigandi eftirlitskerfum innan aðildarríkjanna á aðlögunartímabilinu.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

**Undanþága er varðar vinnslu efnis í 3. flokki og húsdýraáburðar í myltingarstöðvum**

1. Samkvæmt 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 og með undanþágu frá A-, C- og D-liðum II. kafla VI. viðauka við þá reglugerð mega aðildarríkin halda áfram að veita rekstraraðilum athafnasvæða og starfsstöðva einstök samþykki til og með 31. desember, í samræmi við landsreglur, til að fara

að slíkum reglum um vinnslukröfur fyrir efni úr 3. flokki eða efni úr 3. flokki auk húsdýraáburðar til notkunar í myltingarstöðvum, að því gefnu að landsreglurnar:

- a) tryggja fækkun sjúkdómsvalda almennt,
- b) séu aðeins látnar gilda á athafnasvæðum og starfsstöðvum sem voru bundnar af þessum reglum 1. nóvember 2002 og
- c) séu í samræmi við kröfur B-liðar II. kafla VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002.

2. Á myltingarstöðvum skal vera:

- a) búnaður til að vakta hitastig í ferlinu,
- b) búnaður til að skrá niðurstöður þessara mælinga,
- c) fullnægjandi öryggiskerfi sem kemur í veg fyrir ónóga hitun og
- d) nægilega góð aðstaða til að þrifa og sótthreinsa ökutæki og gáma þegar farið er með þá út úr myltingarstöðinni.

3. Hver myltingarstöð skal hafa yfir að ráða eigin rannsóknarstofu eða nýta sér rannsóknarstofu utan stöðvarinnar. Rannsóknarstofan skal hafa yfir að ráða búnaði fyrir allar nauðsynlegar greiningar og hafa hlotið samþykki lögbærs yfirvalds.

2. gr.

**Eftirlitsráðstafanir**

Lögbært yfirvald skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fylgjast með því að viðurkenndir rekstraraðilar athafnasvæða og starfsstöðva uppfylli þau skilyrði sem sett eru fram í 1. gr.

3. gr.

**Afturköllun á samþykki og förgun efna sem ekki samræmast ákvæðum þessarar reglugerðar**

1. Einstök samþykki lögbærs yfirvalds á vinnslukröfum fyrir efni í 3. flokki eða efni í 3. flokki auk húsdýraáburðar til notkunar í myltingarstöðvum skulu dregin til baka tafarlaust og óafturkallanlega að því er varðar rekstraraðila, athafnasvæði og starfsstöðvar ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eru ekki lengur uppfyllt.

2. Lögbært yfirvald skal draga til baka öll samþykki, sem eru veitt skv. 1. gr., í síðasta lagi 31. desember 2004.

<sup>(1)</sup> Stjóttíð. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjóttíð. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 10.

Nr. 120

3. febrúar 2010

Lögbært yfirvald skal ekki veita endanlegt samþykki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1774/2002 nema fullvíst sé á grundvelli skoðunar að athafnasæðin og starfsstöðvarnar, sem um getur í 1. gr., fullnægi öllum kröfum þeirrar reglugerðar.

3. Efni, sem samræmist ekki kröfum þessarar reglugerðar, skal fargað í samræmi við fyrirmæli frá lögbæru yfirvaldi.

4. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá 1. maí 2003 til 31. desember 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. maí 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

---

**Fylgiskjal II.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 209/2006**

frá 7. febrúar 2006

um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 809/2003 og (EB) nr. 810/2003 að því er varðar framlengingu gildistíma bráðabirgðaráðstafana varðandi myltingar- og lífgasstöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 er kveðið á um heilbrigðisreglur varðandi aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Með tilliti til þess hversu strangar þessar reglur eru hafa bráðabirgðaráðstafanir verið heimilaðar.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2003 frá 12. maí 2003 um bráðabirgðaráðstafanir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar vinnslukröfur fyrir efni í 3. flokki og húsdýraáburð sem er notaður í myltingarstöðvar <sup>(2)</sup> er kveðið á um tilteknar bráðabirgðaráðstafanir til 31. desember 2005 til að atvinnugreinin hafi tíma til að aðlagast og þróa aðrar vinnslukröfur fyrir efni í 3. flokki og húsdýraáburð sem er notaður í myltingarstöðvum.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 810/2003 frá 12. maí 2003 um bráðabirgðaráðstafanir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar vinnslukröfur fyrir efni í 3. flokki og húsdýraáburð sem er notaður í lífgasstöðvum <sup>(3)</sup> er kveðið á um tilteknar bráðabirgðaráðstafanir til 31. desember 2005 til að atvinnugreinin hafi tíma til að aðlagast og þróa aðrar vinnslukröfur fyrir efni í 3. flokki og húsdýraáburð sem er notaður í lífgasstöðvum.

4) Þær viðmiðanir, sem ber að setja á grundvelli álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu frá 7. september 2005, eru frábrugðnar vinnslukröfunum sem aðildarríkin mega heimila til 31. desember 2005 samkvæmt reglugerðum (EB) nr. 809/2003 og (EB) nr. 810/2003. Einnig mun taka aðildarríkin nokkurn tíma að innleiða nýju fullgildingaraðferðirnar sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 208/2006 frá 7. febrúar 2006 um breytingu á VI. og VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar vinnslukröfur fyrir lífgas- og myltingarstöðvar og kröfur varðandi húsdýraáburð <sup>(4)</sup>.

5) Því ber að framlengja gildistíma þeirra bráðabirgðaráðstafana, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 809/2003 og (EB) nr. 810/2003, enn frekar til að aðildarríkin geti veitt stjórnendum heimild til að beita áfram landsreglum að því er varðar vinnslukröfur fyrir efni í 3. flokki og húsdýraáburð sem er notaður í myltingar- og lífgasstöðvum.

6) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 809/2003 og (EB) nr. 810/2003 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í 1. gr. (1. mgr.), 3. gr. (2. mgr.) og 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 809/2003 komi „31. desember 2006“ í stað „31. desember 2005“.

*2. gr.*

Í 1. gr. (1. mgr.), 3. gr. (2. mgr.) og 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 810/2003 komi „31. desember 2006“ í stað „31. desember 2005“.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 416/2005 (Stjtið. ESB L 66, 12.3.2005, bls. 10).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 10. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 12/2005 (Stjtið. ESB L 5, 7.1.2005, bls. 3).

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 12. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 12/2005.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 36 8.2.2006, bls. 25.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2006.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Markos KYPRIANOU

*framkvæmdastjóri.*

---

B-deild – Útgáfud. 19. febrúar 2010